Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar 1889-1946

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Alþingi – Utanríkismálanefnd – Landskjörslisti, Sunnlendingafjórðungur 1922 – Norður- Þingeyjarsýsla – Lýðveldishátíð 17. júní 1944 – Lögberg – Valhöll – Þjóðhátíð – Reykjavík – Þingvellir

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-9, Örk 4

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Dagskrá

sameinaðs Alþingis mánudaginn 24. ágúst 1931,
kl. 5 síðdegis.

---

1. Kosning framkvæmdarstjóra Söfnunarsjóðs Íslands fyrir árabilið frá 1. jan. 1932 til 31. des. 1937.
2. Kosning þriggja manna í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.
3. Kosning menntamálaráðs Íslands (5 manna) til loka yfirstandandi kjörtímabils, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. l. nr. 7 1928.
4. Kosning Þingvallanefndar (3 alþingismanna) til loka næsta þings eftir nýafstaðnar kosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. l. nr. 59 1928.
5. Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna til ársloka 1931 í útflutningsnefnd, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. l. nr. 61 1929, um einkasölu á útfluttri síld, sbr. og bráðabirgðaákvæði í nýafgreiddum lögum frá Alþingi um breyting á þeim lögum.
6. Kosning þriggja yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1930, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar.
7. Kosning milliþingaforseta.
8. Þinglausnir.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudagur 14.mars

47.fundur.

D A G S K R Á

EFRI DEILDAR Alþingis miðvikudaginn 14.mars 1928, kl. 1 miðdegis.

---

1.Frv.til l.um breyting á l.nr.11,4.júní 1924,um breyting á l.nr.38,3.nóv.1915,um afhending á landi til kirkjugarðs í Reykjavík (464); 3.umr.

2.Frv.til l.um þinglýsing skjala og aflýsing (467); 3.umr.

3.Frv.til l.um kynbætur nautgripa (345); ein umr.

4.Frv.til l.um viðauka við l.nr.43,30.júlí 1909 (Prentsmiðjur) (277,n.452); 2.umr.

5.Frv.til l.um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi (334,n.449); 2.umr.

6.Frv.til l.um breyting á l.nr.37,27.júní 1925,um breyting á l.nr.2.frá 27.mars 1924,um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25 o/o gengisviðauka (stjfrv.5,n.455.453); 2.umr.

7.Frv.til l.um sundhöll í Reykjavík (132,n.451.457); 2.umr.

8.Frv.til l.um varasáttarnefndarmenn í Reykjavík (392); 1.umr.

----

47.fundur.

D A G S K R Á

NEÐRI DEILDAR Alþingis miðvikudaginn 14.mars 1928, kl. 1 miðdegis.

---

/ Frv.til fjárlaga fyrir árið 1929 (383,435,450,454,458,460,468); frh. 3.umr.

----

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SE.

Norðmenn ákafari að veiða á hafinu, þegar þeir vita, að íslenzkri veiði er hamlað með einkasölu, og verður þá minni þörf f. íslenzka síld.

Minnibátaútgerðarmenn munu þurfa ríkisstuðning til þess að geta haldið uppi nokkurri síldveiði.

Sagt, að Norðmenn muni bíða með sölu, ef þeir hyggja, að verðið hækki og reyni að fá ríkisverzlun til þess að selja fyrst. Kostnaðarsamt að bíða með vöruna.

Þegar Norðmenn veiða mikið fyrir utan landhelgi bezt markaður f. ísl. síld.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

umb

Arnbjörg Stefánsdóttir Hánefsstaðaeyri Seyðisfirði

umb.

Þorst. Mýrmann Stöðvarfirði

× Valdim. Sigurðsson Eskifirði

× Ásgr. Magnússon Þórshöfn

Umboðsr

Kolbein Árnason. Oddeyri.

× Guðm. Jónsson Fáskrúðsfirði

umb.

Þorst. Jónsson Borgarfirði

Jakob Jónsson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þorleifur Jónsson, póstafgr.m. viss
Bjarni Þórðarson, Borðastöðum. viss
Árni Gíslason, póstur talinn viss
Hans Hannesson, póstur óviss
Jón Guðmundsson, póstur móti ?
Jón Jónsson, Sandabæ (Bjarni) viss
Jón Lúðvígsson, verzlunarm. (Bjarni) móti

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

X Benedikt Sveinsson, cand. phil.
Björn Jónsson, Grettisg. 10. G
X Einar Zoëga, veitingam.
X Eiríkur Guðmundsson frá Engey.
Guðm. Böðvarsson, spítalaráðsm.
X Sæmundur Bjarnhéðinsson læknir
Þórður Þórðarson, Laugarnesi.
Guðm. Hallsson, trésm.
Guðm. Þorsteinsson, trésm.
Gunnar Gunnarsson, trésm.
X Gunnar Þorbjarnarson, kaupm.
X Helgi Pétursson, cand. mag.
X Jakob Jónsson, bókhaldari
Jóel Þorleifsson, trésm. fj. (G)
X Jón Jakobsson, Framnesveg 3.
Jón Jónsson, kaupm. fj
X Halberg, J. G. veitingam.
X Lauritz Jörgensen málari
X Kaaber, Ludvig, verzlunarm.
Kristján Þorsteinsson Hild. G.?
X Magnús Magnússon, B.A.
X Oddur Gíslason, málaflm.
X Ólafur Jónsson, skrifari.
Páll Halldórsson, trésm. fj - (óviss)
X Pétur Pétursson, gjaldkeri
X Sanat, E., bakari
X Sigurbj. Á. Gíslason
?. Sigurður Sigurðsson (götur af [illegible] kaupm.) (Bræðraborg).
?. Sig. E. Sæmundsson, f. kaupm.
X Sigurfinnur Brandsson, trésm.
Sveinn Jónsson, trésm., Þingholtsstr. G
Virt.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

794.

-Leinen-Bank-Post

riginal Waymark.

Sorte.

, 19 Kilo per 1000 Bogen.

ano und Quart.

?

· Vilhelm Bernhöft, tannlæknir

X Þorl. O. Johnson, f. Kaupm.

X Sigurmundur Sigurðsson, cand. phil.

X Þórður Sveinsson cand. phil.

Holger Jörgensen, verkam. [illegible] stjóri.

X ? Þorgrímur Johnsen, f. læknir

M.

"

t 38.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bened. Sveinsson alþm.

Þórður Sveinsson kaupm.

Garðar Gíslason —"—

Bened. S. Þórarinss. —"—

Pétur Halldórsson bóksali

~~Bened. Sveinsson alþm.~~

Jón Halldórsson féhirðir

Oddur Hermannsson

Jón Halldórsson trésmiður

Árni Thorsteinsson tónskáld

Hannes Thorsteinsson bankastj.

Jón Egilsson

Pétur Magnússon lögfr.

Rich. Torfason bankabókari

Jóh. brearfjeti

Lúðv. Lárusson kaupm.

Vilhelm Knudsen

sra Kristinn Daníelsson

Jón Pálsson bankagjaldkeri

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kristján Jónsson Íslandsbanka
Kristján Jónsson dómstjóri
Halldór Eiríksson Ísl. banka
Magnús Guðmundsson ráðherra
Kolbeinn Árnason
Jes Zimsen
Egill Jacobsen
Þorvarður prentari
Einar Helgason garðyrkju
Haraldur Nielsson próf.
A. J. Johnson Landsbank
Vigfús Einarsson stjórnarr
Ásgeir Sigurðsson
Sighvatur Bjarnason
Magnús Blöndahl
Sigfús Blöndahl
Guðrún Blöndal kennslukona
Rich. Thors
Magn. Sigurðsson bankastjóri
L. Kaaber —
Georg Ólafsson —
Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

25. Okt. 1923

Eggert Claessen bankastjóri
Jens Waage —
Halldór Sigurðsson úrsmiður
Eyjólfur Eiríksson Tapetserer
~~Jón Magnússon ráðherra~~
Jakob Möller alþm.
Þorst. Gíslason ritstjóri
Magnús Kristjánsson Landsverzl.
Sigurður Þórðarson sýslum.
Thor Jensen
Þórður Bjarnason kaupm.
Hannes Thorarensen
Jóhannes Nordal
Jón Jakobsson landsbókav.
Sig. Eggerz ráðherra
Arent Claessen
Ólafur Johnsen
Björn Kristjánsson
Jón Björnsson kaupm.
Jón [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ol. Benjamínsson
Gunnl. Claessen læknir
Sveinbjörn Árnljótsson
Bjarni Sighvatsson
Matth. Ólafsson
Gunnar Egilson
Þórður Sveinsson læknir.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | |
|---|---|
| Suður múlasýsla | 125 |
| Norður múlasýsla | 125 |
| Norður Þingeyjarsýsla | 105 |
| Suður Þingeyjarsýsla | 103 |
| Eyjafjarðar sýsla | 95 |
| Skagafjarðar sýsla | 65 |
| Húnavatnssýsla | 100 |
| Strandasýsla | 35 |
| Ísafjarðarsýsla | 140 |
| Barðastrandasýsla | 45 |
| Dala sýsla | 40 |
| Snæfellsnes sýsla | 50 |
| Mýrasýsla | 60 |
| Borgarfjarðarsýsla | 60 |
| Kjósarsýsla | 25 |
| Gullbringu sýsla | 3 |
| Árnessýsla | 95 |
| Rangárvallasýsla | 46 |
| Vestur skaftafells sýsla | 87 |
| Austur skaftafellssýsla | 20 |
| | 1468 |

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Asgeir
Bernh. ?
Dal ?
Ben.
E. Árna St
G. Ól
Jón Bald
H. Stefáns
Ingólfr
Yngvar 10
Möller
Hermann
Jónas
Magn. Kr.
Jörundr 15
Klemens
M. Torfa
P. Þórðar
Landkjör ?
Sveinn 20
Tryggvi
Þorleifur

Ól. Th.
Árni
~~Dal.~~ ?
BK
Lindal
5. Rang. ?
Hákon
Jón Þorl.
H. Steins.
Ingibj.
10. J. Auð.
Jóhann
J. Kjart
Jóh. Jóh.
J. Sig
15. Jón Ólafsson
Magn. Guðm.
M. Jónsson
P. Ott.
Sigurjón
20. Þórarinn

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| Rvík | 3 | 1 |
| Árn. | 1 | 1 |
| Rv. | | 2 |
| V.Sk. | | 1 |
| VE | 1 | |
| ASk. | | 1 |
| SM. | 1 | 1 |
| Sf. | 1 | |
| NM. | 1 | 1 |
| NÞ | 1 | |
| SÞ. | | 1 |
| Ak. | | 1 |
| Ey. | 1 | 1 |
| Skag. | 2 | |
| Hún | 1 | 1 |
| Str. | | 1 |
| NÍs | 1 | |
| Ís | | 1 |
| V.Ís | | 1 |
| Barð | 1 | |
| Dal. | 1 | |
| Snæf | 1 | |
| Mýr. | 1 | |
| Borg | 1 | |
| Gullbr. | 2 | |
| Land | 4 | 2 |
| | 25 – | 17 |

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vér undirritaðir alþingiskjósendur í Keldunesshreppi í Norður þingeyjar sýslu lýsum yfir, að vér mælum með og styðjum Benedikt Sveinsson alþm. í Reykjavík. sem þingmannsefni fyrir Norður þingeyjarsýslu við ~~næstu~~ kjördæmakosningu, haustið 1927.

Þórarinn Sveinsson bóndi
Steingr. Sigurðsson
Guðm. Guðmundsson Nýjabæ
Benedikt Björnsson
Björn Stefánsson
Sigurrós Sigurgeirsd
Jón Jóhannesson bóndi
Margrét Þórarinsdóttir
Bogi Stefánsson Garði
Sigríður Stefánsdóttir húsfrú
~~Guðm. Guðmundsson~~ (~~Nýjabæ~~)
Jóh. Þórarinsson bóndi
Erlendur Stefánsson
Stefán Jónsson Syðri Bakka
Jóhanna Jónsdóttir
Guðrún Sigurjónsdóttir
Kristján Sigvaldason.
Björg Grímsdóttir Hrútur
Helga [illegible] bóndi
Jóel Benjamínsson, bóndi.
Páll Friðriksson
Jón Stefánsson Garði.
(Nikulás Björn Daníelsson)
Ó. Þ. Hjartarson
Egilsson
Elías Jónsson Garði (Handsalað)
Eggert Jónsson Syðri Bakka
Jón Pálsson
Sigurbj. Hannesson Keldunesskoti (húsm.)
Jóhannes Jónsson Keldunesi
Kristjana Stefánsdóttir
Björn Ágúst Sigurjónsson.
Jón Hallgrímsson Sultum
Olafur Jónsson
Rósa Jónsdóttir
Friðný Sigurjónsdóttir
Gunnar Sigurðsson
Guðrún Jónsdóttir
Anna Sigurðardóttir Fjöllum.
Ingveldur Björnsdóttir
Vilborg Þórarinsdóttir Hlíðskoti

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrsti fundur að Arnarhvoli kl. 2 e.m. á skírdag (skrifst. fræðslumálastj.)

U t a n r í k i s m á l a n e f n d.

Benedikt Sveinsson alþingismaður.

Bjarni Ásgeirsson, Reykjum. alþingismaður

Helgi Pálsson, Norðfirði. kaupfélagsstjóri

Ingþór Björnsson, Óspaksstöðum. bóndi

Jóhannes Árnason, Gunnarsstöðum. bóndi

Sigurvin Einarsson, Ólafsvík. ~~bóndi~~ kennari

Sigurður Greipsson, Haukadal. kennari

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

42. löggjafarþing.

# Sameinað Alþingi 1930.

| | | Já: | Nei: |
|---|---|---|---|
| 1. | Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf., *forseti* ... ... | — V | — |
| 2. | Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ. ... ... ... ... | — V | — |
| 3. | Bernharð Stefánsson, 2. þm. Eyf. ... ... ... ... | — V | — |
| 4. | Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr. ... ... ... ... ... | — V | — |
| 5. | Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K. ... ... ... ... | — V | — |
| 6. | Einar Árnason, 1. þm. Eyf. ... ... ... ... ... | — | — V |
| 7. | Einar Jónsson, 1. þm. Rang. ... ... ... ... ... | — V | — |
| 8. | Erlingur Friðjónsson, þm. Ak. ... ... ... ... | — | — V |
| X 9. | Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv. ... ... ... | — | — ? |
| 10. | Gunnar Sigurðsson, 2. þm. Rang. ... ... ... ... | — V | — |
| 11. | Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M. ... ... ... ... | — | — V |
| 12. | Halldór Steinsson, þm. Snæf. ... ... ... ... ... | — V | — |
| 13. | Hannes Jónsson, þm. V.-Húnv. ... ... ... ... | — | — V |
| 14. | Haraldur Guðmundsson, þm. Ísaf.... ... ... ... | — | — V |
| 15. | Hákon Kristófersson, þm. Barð. ... ... ... ... | — V | — |
| 16. | Héðinn Valdimarsson, 2. þm. Reykv. ... ... ... | — | — V |
| 17. | Ingibjörg H. Bjarnason, 2. landsk. þm. ... ... | — | — ? |
| 18. | Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ., *skrifari* ... ... | — | — V |
| 19. | Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M. ... ... ... ... | — | — V |
| 20. | Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.... ... ... ... ... | — V | — |
| 21. | Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf. ... ... ... | — V | — |
| 22. | Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf., *skrifari* ... ... | — V | — |
| 23. | Jón Baldvinsson, 4. landsk. þm. ... ... ... ... | — | — V |
| 24. | Jón Jónsson, 6. landsk. þm. ... ... ... ... ... | — V | — |
| 25. | Jón Ólafsson, 3. þm. Reykv. ... .. ... ... ... | — V | — |
| 26. | Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf. .. ... ... ... ... | — V | — |
| 27. | Jón Þorláksson, 3. landsk. þm. ... ... ... ... | — V | — |
| 28. | Jónas Jónsson, 1. landsk. þm. ... ... ... ... | — | — V |
| 29. | Jónas Kristjánsson, 5. landsk. þm. .. ... ... ... | — V | — |
| 30. | Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn. ... ... ... | — V | — |
| 31. | Lárus Helgason, þm. V.-Sk. ... ... ... ... ... | — V | — |
| 32. | Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf. ... ... ... | — V | — |
| 33. | Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv. ... ... ... ... | — V | — |
| 34. | Magnús Torfason, 2. þm. Árn. .... ... ... ... | — | — V |
| 35. | Ólafur Thors, 2. þm. G.-K. ... ... ... ... ... | — V | — |
| 36. | Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M. .. ... ... ... | — V | — |
| 37. | Pétur Ottesen, þm. Borgf. ... ... ... ... ... | — V | — |
| 38. | Sigurður Eggerz, þm. Dal. ... ... ... ... ... | — V | — |
| 39. | Sigurjón Á. Ólafsson, 4. þm. Reykv. ... ... ... | — | — V |
| 40. | Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M. ... ... ... ... | — | — V |
| 41. | Tryggvi Þórhallsson, þm. Str. ... ... ... ... | — | — V |
| 42. | Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk., *varaforseti* ... ... | — | — V |

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nýi bankinn

# NEÐRI DEILD ALÞINGIS 1923.

| | Já: | Nei: |
|---|---|---|
| 1. Benedikt Sveinsson, þm.N.-Þ., forseti | — | |
| 2. Bjarni Jónsson, þm.Dala., 2.varaforseti - - | — | |
| 3. Björn Hallsson, 2.þm. N.-M. - - - - - - - - - | — | |
| 4. Einar Þorgilsson, 1.þm. G.-K. - - - - - - - - | — | |
| 5. Eiríkur Einarsson, 1.þm. Arn. - - - - - - - - | | — |
| 6. Gunnar Sigurðsson, 1.þm. Rang. - - - - - - - - | — | |
| 7. Hákon Kristófersson, þm. Barð. - - - - - - - - | — | |
| 8. Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ. - - - - - - - - | | — |
| 9. Jakob Möller, 1.þm. Reykv. - - - - - - - - - - | — | |
| 10. Jón Auðunn Jónsson, þm. Ísaf. - - - - - - - - | — | |
| 11. Jón Baldvinsson, 2.þm. Reykv. - - - - - - - - | | — |
| 12. Jón Sigurðsson, 2.þm. Skagf. - - - - - - - - - | — | |
| 13. Jón Þorláksson, 3.þm. Reykv. - - - - - - - - - | — | |
| 14. Lárus Helgason, þm. V.-Sk. - - - - - - - - - - | — | |
| 15. Magnús Guðmundsson, 1.þm. Skagf., skrifari - | — | |
| 16. Magnús Jónsson, 4.þm. Reykv. - - - - - - - - - | — | |
| 17. Magnús Kristjánsson, þm. Ak. - - - - - - - - - | | — |
| 18. Magnús Pjetursson, þm. Str. - - - - - - - - - | — | |
| 19. Ólafur Proppé, þm. V.-Ísf. - - - - - - - - - - | — | |
| 20. Pjetur Ottesen, þm. Borgf. - - - - - - - - - - | — | |
| 21. Pjetur Þórðarson, þm. Mýra. - - - - - - - - - | — | |
| 22. Sigurður Stefánsson, þm. N.-Ísf. - - - - - - - | — | |
| 23. Stefán Stefánsson, 1.þm. Eyf. - - - - - - - - | — | |
| 24. Sveinn Ólafsson, 1.þm. S.-M. - - - - - - - - - | | — |
| 25. Þorleifur Guðmundsson, 2.þm. Arn. - - - - - | — | |
| X 26. Þorleifur Jónsson, þm.A.-Sk., 1.varaforseti | | — |
| 27. Þorsteinn Jónsson, 1.þm. N.-M., skrifari - - - | | — |
| 28. Þórarinn Jónsson, 2.þm. Húnv. - - - - - - - - | — | |

217

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Landkjörslisti

til landkjörs 8. júli 1922

1. Magnús Blöndal Jónsson, Vallanesi
2. Þórarinn Kristjánsson, Reykjavík
3. Sigurður Einarsson, Akureyri
4. ~~[illegible]~~. Eiríkur Stefánsson, Torfastöðum
5. ~~[illegible]~~ | Vestmannaeyjar
6. Einar Einarsson, Garðhúsum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vjer undirritaðir kjósendur í Sunnlendingafjórðungi til landskjörs sem fram á að fara hinn 8. júlí 1922, mælum hjermeð með lista þeim sem á eru nöfn neðangreindra manna:

1. Magnús Blöndal Jónsson, prestur í Vallanesi,
2. Þórarinn Kristjánsson, hafnarstjóri í Reykjavík,
3. Sigurður E. Hlíðar, dýralæknir á Akureyri,
4. Sigurður Sigurðsson, lyfsali í Vestmannaeyjum,
5. Eiríkur Þ. Stefánsson, prestur að Torfastöðum,
6. Einar G. Einarsson, útgerðarmaður í Garðhúsum.

Reykjavík 10. maí 1922.

| Nöfn kjósenda, | staða, | heimili. |
|---|---|---|
| | | |

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr.
fyrv. forseti Neðri-deildar
Alþingis
Benedikt Sveinsson og frú

Skólavörðust. 11

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Forseti sameinaðs Alþingis leyfir sér að bjóða yður

Hr. fyrv. forseti N.-d. Benedikt Sveinsson og frú

ef þér verðið staddir á Þingvelli 17. júní n. k. að snæða morgunverð (standandi) í Valhöll kl. 12 á hádegi og kvöldverð kl. 8 síðdegis.

Búningur: Hversdagsföt. Svar óskast fyrir 12. júní (sendist í Alþingishúsið).

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kom kl. 3¾ síðd. 13. júní.

# Aðgöngumiði,

er veitir aðgang að Valhöll á Þingvöllum 16. júní
(eftir kl. 5) og 17. júní.


# Aðgöngumiði,

er veitir aðgang að Valhöll á Þingvöllum 16. júní
(eftir kl. 5) og 17. júní.


Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur




Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur




1. Þingpallar að Lögbergi.
2. Íþróttapallur.
3. Lögreglustöð.
4. Bifreiðastæði.
5. Vegur inn á Leiru.
6. Náðhús.
7. Póstur og sími.
8. Brú yfir Öxará að áhorfendasvæði.
9. Þingvallabær.
10. Valhöll.
11. Konungshús.
12. Tjaldstæði.
13. Lögreglustöð.
14. Hjálparstöð rauða krossins.
15. Veitingar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Þjóðhátíð lýðveldisstofnunar á Íslandi




Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# ÞJÓÐHÁTÍÐ

LÝÐVELDISSTOFNUNAR
Á ÍSLANDI




Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Þjóðhátíðarnefnd.

Alexander Jóhannesson, prófessor, formaður.
Ásgeir Ásgeirsson, bankastjóri, varaformaður.
Einar Olgeirsson, alþm., ritari.
Guðlaugur Rósinkranz, yfirkennari.
Jóhann Hafstein, lögfræðingur.



Almannagjá og Lögberg.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 17. júní

## Í Reykjavík.

Kl. 9.00. Forseti sameinaðs Alþingis leggur blómsveig við styttu Jóns Sigurðssonar á Austurvelli og flytur ræðu. Lúðrasveit Reykiavíkur leikur: „Ó, guð vors lands". Stjórn.: A. Klahn.

## Á Þingvöllum (Lögbergi).

Kl. 1.15. Ríkisstjóri, ríkisstjórn og alþingismenn ganga til þingfundar að Lögbergi, niður Almannagjá. Um leið og gengið er að Lögbergi, leikur Lúðrasveit Reykjavíkur undir stjórn A. Klahn: „Öxar við ána".

— 1.30. Forsætisráðherra setur hátíðina.
Guðsþjónusta. Sálmur: „Þín miskunn, ó, guð".
Biskupinn yfir Íslandi flytur ávarp og bæn.
Sálmur: „Faðir andanna".

**Kl. 1.55. Þingfundur settur.**
**Forseti sameinaðs Alþingis lýsir yfir gildistöku stjórnarskrár lýðveldisins.**

**— 2.00. Kirkjuklukkum hringt um land allt í 2 mínútur. Einnar mínútu þögn á eftir og samtímis umferðarstöðvun um land allt.**
**Þjóðsöngurinn sunginn.**



**Kl. 2.10. Forseti sameinaðs Alþingis flytur ræðu.**

**— 2.15. Kjör forseta Íslands.**
**Forseti Íslands vinnur eið að stjórnarskránni.**
**Forseti Íslands ávarpar þingheim.**
**Þingfundi slitið.**
Sungið: „Ísland ögrum skorið".

**Kveðjur fulltrúa erlendra ríkja.**

Fánahylling: „Fjallkonan" ávarpar fánann.
Sungið: „Rís þú, unga Íslands merki".

Hlé.

## Á Þingvöllum (Völlunum).

Kl. 4.30. Formaður þjóðhátíðarnefndar flytur ávarp.
Fulltrúi Vestur-Íslendinga, próf. Richard Beck, flytur kveðju.
Lúðrasveitin leikur: „Þótt þú langförull legðir —" (Steph. G. Stephansson. — Sigv. Kaldalóns).

— Þjóðhátíðarkór Sambands íslenzkra karlakóra syngur. Stjórnendur: Jón Halldórsson (aðalsöngstjóri), Sigurður Þórðarson, Hallur Þorleifsson og R. Abraham.
Emil Thoroddsen: „Hver á sér fegra föðurland?" (Hulda).
„Ísland farsælda frón", íslenzkt tvísöngslag.
Sveinbj. Sveinbjörnsson: „Móðurmálið" (Gísli Jónsson).
Þórarinn Jónsson: „Ár vas alda" (úr Völuspá).
Sveinbj. Sveinbjörnsson: „Lýsti sól" (Matth. Joch.).
Sigfús Einarsson: „Þú álfu vorrar" (Hannes Hafstein).

— 5.00. Benedikt Sveinsson, fyrrv. forseti neðri deildar Alþingis, flytur ræðu.



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kl. 5.15. Þjóðkórinn syngur undir stjórn Páls Ísólfssonar tónskálds eftirfarandi ættjarðarljóð:
„Ég elska yður, þér Íslands fjöll".
„Fjalladrottning, móðir mín".
„Þið þekkið fold með blíðri brá".
„Ég vil elska mitt land".

— 5.25. Hópsýning 170 fimleikamanna undir stjórn Vignis Andréssonar fimleikakennara.

— 5.40. Þjóðkórinn syngur undir stjórn Páls Ísólfssonar tónskálds eftirfarandi ættjarðarljóð:
„Nú vakna þú, Ísland",
„Ó, fögur er vor fósturjörð",
„Lýsti sól stjörnustól",

— 5.50. Flutningur kvæða.
Brynjólfur Jóhannesson leikari flytur hátíðarljóð Huldu.
Jóhannes úr Kötlum flytur hátíðarljóð sitt.

— 6.00. Íslandsglíman undir stjórn Jóns Þorsteinssonar fimleikakennara. Að henni lokinni verður sigurvegaranum afhentur verðlaunabikar ríkisstjórnarinnar og glímubelti Í. S. Í.

— 6.30. Þjóðhátíðarkór Sambands íslenzkra karlakóra syngur.
Stjórnendur: Jón Halldórsson, Sigurður Þórðarson, Hallur Þorleifsson og R. Abraham.
Jón Laxdal: „Vorvísur" (Hannes Hafstein).
Þórarinn Guðmundsson: „Land míns föður" (Jóhannes úr Kötlum).
Bjarni Þorsteinsson: „Ég vil elska mitt land" (Guðm. Magnússon).
Björgvin Guðmundsson: „Heyrið vella" (Grímur Thomsen).
Sigvaldi Kaldalóns: „Ísland ögrum skorið" (Eggert Ólafsson), einsöng syngur Pétur Á. Jónsson óperusöngvari.



Kl. 6.45. Fimleikasýning, úrvalsflokkur 24 kvenna, undir stjórn Jóns Þorsteinssonar fimleikakennara.

— 7.00. Þjóðkórinn syngur undir stjórn Páls Ísólfssonar tónskálds:
„Þú nafnkunna landið",
„Drottinn, sem veittir".
„Ísland ögrum skorið".
Lúðrasveit og þjóðkórinn leika og syngja:
„Ó, guð vors lands".

— 9.00. Fimleikasýning 16 karla. Úrvalsflokkur undir stjórn Davíðs Sigurðssonar fimleikakennara.
Lúðrasveitin leikur.



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 18. júní.

## Í Reykjavík.

Kl. 1.30. Skrúðganga hefst við Háskólann. Haldið verður um Hringbraut, Bjarkargötu, Skothúsveg, Fríkirkjuveg, Vonarstræti, Templarasund, fram hjá Alþingishúsinu, Kirkjustræti, Aðalstræti, Austurstræti og staðnæmzt fyrir framan Stjórnarráðshúsið.

Á svölum Alþingishússins tekur forseti Íslands kveðju fylkingarinnar. Lúðrasveit Reykjavíkur gengur í fararbroddi og leikur ættjarðarlög.

— 2.00. Lúðrasveitin leikur nokkur lög fyrir framan Stjórnarráðshúsið.

— 2.15. Forseti Íslands flytur ræðu til þjóðarinnar. að henni lokinni leikur lúðrasveitin: „Ísland ögrum skorið".

Ávörp formanna þingflokkanna.

Sjálfstæðisflokkurinn: Ólafur Thors alþm.

Framsóknarflokkurinn: Eysteinn Jónsson alþm.

Sameiningarflokkur alþýðu — sósíalistaflokkurinn: Einar Olgeirsson alþm.

Alþýðuflokkurinn: Haraldur Guðmundsson alþm.

Á eftir hverju ávarpi verður leikið ættjarðarlag.

Að lokum leikur lúðrasveitin þjóðsönginn.

— 3.30—4.30. Þjóðhátíðarkór Sambands íslenzkra karlakóra syngur í Hljómskálagarðinum.



Kl. 10.00—11.00. Lúðrasveitin leikur í Hljómskálagarðinum.

**Kl. 4.00 verður opnuð, í húsakynnum Menntaskólans, söguleg sýning úr frelsis- og menningarbaráttu Íslendinga á liðnum öldum.**



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Útsýn yfir Lögberg og Þingvallavatn.

# Söngvar við hátíðahöldin.

## Öxar við ána —

Steingrímur Thorsteinsson. — Helgi Helgason.

Öxar við ána,
árdags í ljóma,
upp rísi þjóðlið og skipist í sveit;
skjótum upp fána,
skært lúðrar hljóma,
skundum á Þingvöll og treystum vor heit.
Fram, fram, aldrei að víkja!
Fram, fram, bæði menn og fljóð;
tengjumst tryggðaböndum,
tökum saman höndum,
stríðum, vinnum vorri þjóð!

# SÁLMAR

## Þín miskunn, ó, guð —

Þýddur sálmur. — Hartmann.

Þín miskunn, ó, guð, er sem himininn há,
og hjarta þíns trúfestin blíða,
þinn heilagan vísdóm má hvarvetna sjá
um heims alla byggðina fríða.



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sem rammbyggðu fjöllin þín réttvísin er,
sem reginhaf dómur þinn hreini.
Vor guð, allra þarfir þú glögglega sér
og gleymir ei aumingjans kveini.

Já, dásöm er náð þín og dag sérhvern ný,
ó drottinn, í skaut þitt vér flýjum;
vér hræðast ei þurfum í hælinu því,
er hörmunga dimmir af skýjum.

Ef sálirnar þyrstir, þú svölun þeim lér,
þær saðning fá hungraðar frá þér;
vor guð, þínu í ljósinu ljós sjáum þér,
og lífsins er uppsprettan hjá þér.

## Faðir andanna —

Matthías Jochumsson.

Faðir andanna,
frelsi landanna,
ljós í lýðanna stríði,
send oss þitt frelsi,
synda slít helsi,
líkna stríðanda lýði.

Lýstu heimana,
lífga geymana,
þerrðu tregenda tárin.
Leys oss frá illu,
leið oss úr villu,
lækna lifenda sárin.

Sælu njótandi,
sverðin brjótandi
faðmist fjarlægir lýðir.
Guðsríki drottni,
dauðans vald þrotni,
komi kærleikans tíðir.

Faðir ljósanna,
lífsins rósanna,
lýstu landinu kalda.
Vertu oss fáum,
fátækum, smáum,
líkn í lífsstríði alda.



## Ó, guð vors lands —

Mtthías Jochumsson. — Sveinbjörn Sveinbjörnsson.

Ó, guð vors lands! ó, lands vors guð,
vér lofum þitt heilaga, heilaga nafn!
Úr sólkerfum himnanna hnýta þér krans
þínir herskarar, tímanna safn!
Fyrir þér er einn dagur sem þúsund ár,
og þúsund ár dagur, ei meir,
eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,
sem tilbiður guð sinn og deyr.
Íslands þúsund ár, Íslands þúsund ár —
eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,
sem tilbiður guðs sinn og deyr.

# ÆTTJARÐARLJÓÐ

## Ísland ögrum skorið —

Eggert Ólafsson. — Sigvaldi Kaldalóns.

Ísland ögrum skorið
eg vil nefna þig,
sem á brjóstum borið
og blessað hefur mig
fyrir skikkan skaparans.
Vertu blessað, blessi þig
blessað nafnið hans.



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Til fánans.

Einar Benediktsson. — Sigfús Einarsson.

Rís þú, unga Íslands merki,
upp með þúsund radda brag.
Tengdu í oss að einu verki
anda, kraft og hjartalag.
Rís þú, Íslands stóri, sterki
stofn, með nýjan frægðardag.

Skín þú, fáni, eynni yfir,
eins og mjöll í fjallahlíð.
Fangamarkið fast þú skrifir
fólks í hjartað ár og síð.
Munist, hvar sem landinn lifir,
litir þínir alla tíð.

Hvert eitt landsins fley, sem flýtur,
fáni vor, þig beri hátt.
Hvert þess barn, sem ljósið lítur,
lífgar vonir, sem þú átt.
Hvert þess líf, sem þver og þrýtur,
þínum hjúp þú vefja mátt.

## Ég elska yður —

Steingrímur Thorsteinsson. — Norskt þjóðlag.

Ég elska yður, þér Íslands fjöll!
með enni björt í heiðis bláma,
þér dalir, hlíðar og fossaföll,
og flúð, þar drynur brimið ráma.



Ég elska land með algrænt sumarskart,
ég elska það með vetrarskrautið bjart;
hin heiðu kvöld,
er himintjöld
af norðurljóasleiftrum braga.

Svo traust við Ísland mig tengja bönd,
ei trúrri binda son við móður,
og þó að færi eg um fegurst lönd
og fagnað væri mér sem bróður,
mér yrði gleðin aðeins veitt til hálfs,
á ættjörð minni nýt ég fyrst mín sjálfs,
þar elska eg flest,
þar uni eg bezt
við land og fólk og feðratungu.

## Sveitin mín.

Sigurður Jónsson. — Bjarni Þorsteinsson.

Fjalladrottning, móðir mín,
mér svo kær og hjartabundin!
Sæll ég bý við brjóstin þín,
blessuð aldna fóstra mín!
Hér á andinn óðul sín
öll, sem verða á jörðu fundin.
Fjalladrottning, móðir mín,
mér svo kær og hjartabundin.

Blessuð sértu, sveitin mín!
sumar, vetur, ár og daga.
Engið, fjöllin, áin þín
— yndislega sveitin mín! —



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heilla mig og heim til sín
huga minn úr fjarlægð draga.
Blessuð sértu, sveitin mín!
sumar, vetur, ár og daga.

Fagra, dýra móðir mín!
minnar vöggu griðastaður.
Þegar lífsins dagur dvín
— dýra, kæra fóstra mín! —
búðu um mig við brjóstin þín,
bý ég þar um eilífð glaður.
Fagra, dýra móðir mín!
minnar vöggu griðastaður.

## Minni Íslands.

Jónas Hallgrímsson. — Gretry.

Þið þekkið fold með blíðri brá
og bláum tindi fjalla,
og svanahljómi, silungsá
og sælublómi valla,
og bröttum fossi, björtum sjá
og breiðum jökulskalla.
— Drjúpi hana blessun drottins á
um daga heimsins alla!



## Íslandsvísur.

Guðmundur Magnússon. — Bjarni Þorsteinsson.

Ég vil elska mitt land,
ég vil auðga mitt land,
ég vil efla þess dáð, ég vil styrkja þess hag.
Ég vil leita að þess þörf,
ég vil létta þess störf,
ég vil láta það sjá margan hamingjudag.

Ég vil frelsi míns lands,
ég vil farsæld míns lands,
ég vil frægð þess og gnægð þess og auð þess og völd;
ég vil heiðursins krans
leggja að höfði þess manns,
sem vill hefja það fram móti batnandi öld.

## Vorhvöt.

Steingrímur Thorsteinsson. — Ibsen.

Nú vakna þú, Ísland! við vorsælan glaum
af vorbylgjum tímans á djúpi;
Byrg eyrun ei lengur fyr aldanna straum,
en afléttu deyfðanna hjúpi,
og drag þér af augum hvert dapurlegt ský,
sem dylur þér heiminn og fremdarljós ný.

Svo frjáls vertu, móðir! sem vindur á vog,
sem vötn þín með straumunum þungu,
sem himins þíns bragandi norðljósa log
og ljóðin á skáldanna tungu
og aldrei, aldrei bindi þig bönd
nema bláfjötur Ægis við klettótta strönd.



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Ísland.

Jón Thoroddsen. — V. Schiött.

Ó, fögur er vor fósturjörð
um fríða sumardaga,
er laufin grænu litka börð
og leikur hjörð í haga;
en dalur lyftir blárri brún
mót blíðum sólarloga,
og glitrar flötur, glóir tún,
og gyllir sunna voga.

Og vegleg jörð vor áa er
með ísi þakta tinda,
um heiðrík kvöld að höfði sér
nær hnýtir gullna linda,
og logagneistum stjörnur strá
um strindi hulið svellum,
en hoppa álfar hjarni á,
svo heyrist duna í fellum.

Þú fósturjörðin fríð og kær,
sem feðra hlúir beinum,
og lífið ungu frjóvi fær
hjá fornum bautasteinum.
Ó, blessuð vertu fagra fold,
og fjöldinn þinna barna,
á meðan gróa grös í mold
og glóir nokkur stjarna.



## Minni Ingólfs.

Matthías Jochumsson. — Jónas Helgason.

Lýsti sól
stjörnustól,
stirndi á Ránar-klæði,
skemmti sér
vor um ver,
vindur lék í næði;
heilög sjón
hló við Frón;
himinn, jörð og flæði
fluttu landsins föður heillakvæði.

Blíð og fríð
frelsistíð!
Frægur steig á grundu
Ingólfur
Arnarbur
íturhreinn í lundu;
dísafjöld
hylltu höld,
heill við kyn hans bundu;
blessast Ingólfs byggð frá þeirri stundu.



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Ísland.

Bjarni Thorarensen. — Sigvaldi Kaldalóns.

Þú nafnkunna landið, sem lífið oss veittir,
landið, sem aldregi skemmdir þín börn!
hvert þinnar fjarstöðu hingað til neyttir,
hún sér þér ódugnaðs framvegis vörn.

Fjör kenni' oss eldurinn, frostið oss herði,
fjöll sýni torsóttum gæðum að ná;
bægi sem kerúb með sveipanda sverði
silfurblár Ægir oss kveifarskap frá.

# Íslandsljóð.

Hannes Hafstein. — Jón Laxdal.

Drottinn, sem veittir frægð og heill til forna,
farsæld og manndáð vek oss endurborna.
Strjúk oss af augum nótt og harm þess horfna,
hniginnar aldar tárin láttu þorna.

Starfið,er margt, en eitt er bræðrabandið,
boðorðið, hvar sem þér í fylking standið.
hvernig sem stríðið þá og þá er blandið,
það er: að elska og byggja og treysta á landið.



# SÖNGVAR
## helgaðir þjóðhátíðardegi Íslands 17. júní 1944.

— Verðlaunaljóð. —

(Hulda.)

Heill, feginsdagur, heill frelsishagur.
Heil, íslenzka ættargrund.
Heil, norræn tunga með tignarþunga,
hér töluð frá landnámsstund.
Heil, öldin forna með höfðingja horfna
og heilir, þér góðu menn,
er harmaldir báruð, sem svanir í sárum
og sunguð, svo hljómar enn.

Heil, nútíð fögur, með söng og sögur
og sumar um dal og strönd,
með ættstofn vænan og gróður grænan
og hróður um höf og lönd.
Heil göfgum fræðum og fögrum kvæðum,
heil framtaki, útsjón og dug.
Heill bóndans garði og úthafsins arði
og sjómannsins hetjuhug.

Kom, blessuð stund, þegar björg og grundir
bergmála fagnaðarsöng.
Í öllu landi að sjávarsandi
er sungið af barnanna þröng:



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Heil, móðir góða! þú landið ljóða
og laga — nú ertu frjáls.
Syng, foss og lind, syngið sumarvindar
og svanur með hvítan háls.

*

Skín, blessaða frelsi, um fjörð og dal.
Við fögnum þér, ljósið hreina,
sem allt gerir bjart í bæ og sal
og brauð gefur fyrir steina.
Við unnum þér heitt frá ómunatíð
gegn um allt, sem við hlutum að reyna.

Í úthafi blá lá ónumið land,
þar alfrjálsir straumar sungu.
Einn dag lentu hugdjarfar hetjur við sand
með hrundir og börnin sín ungu.
Þeir námu héruð og nefndu allt
á norrænni skáldatungu.

Og eylandið fagra varð ættjörð góð
þeim unga og týhrausta lýði,
sem gaf á móti sinn ásthug og óð
og örlög — í friði sem stríði.
Þeir hófu upp Alþing við hásumardýrð
í hraunsalar fagurprýði.

Þó háfossar tímans hrynji í sæ
af heimi ei gleymist sú tíðin.
Það eyland varð sælt, við eld og snæ
og alfrjálsan hetjulýðinn.



Það land er Ísland — er okkar land.
Og enn þá er fegurst „Hlíðin".

Þú heilaga jörð með sögu, söng
og sólstafi frelsis bjarta.
Hve örlög þín síðar urðu ströng.
við ánauðarmyrkvann svarta.
Sem djúpsærð hetja þú varðist varg,
með vordraumsins ljós í hjarta.

Og aldir liðu með álög mörg. —
En eilíf er frelsisþráin,
sem nam okkar land við brim og björg
og blessaði skipgengan sjáinn.
Hún geymdi sín vé og hof og hörg,
unz harðstjórn og fals voru dáin.

Skín, blessaða frelsi, um Ísland enn.
Við elskum þig, morgunstjarna.
Þér heilsa fagnandi frjálsir menn
og fagurskær söngur barna.
Við heitum að vernda þig ókomin ár
og örlagaslysunum varna.

*

Hver á sér fegra föðurland,
með fjöll og dal og bláan sand,
með norðurljósa bjarmaband
og björk og lind í hlíð?
Með friðsæl býli, ljós og ljóð,
svo langt frá heimsins vígaslóð.
Geym, drottinn, okkar dýra land,
er duna jarðarstríð.



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hver á sér meðal þjóða þjóð,
er þekkir hvorki sverð né blóð,
en lifir sæl við ást og óð
og auð, sem friðsæld gaf?
Við heita brunna, hreinan blæ
og hátign jökla, bláan sæ
hún unir grandvör, farsæl, fróð
og frjáls — við yzta haf.

Ó, Ísland, fagra ættarbyggð,
um eilífð sé þín gæfa tryggð,
öll grimmd frá þinni ströndu styggð
og stöðugt allt þitt ráð.
Hver dagur líti dáð á ný.
Hver draumur rætist verkum í,
svo verði Íslands ástkær byggð
ei öðrum þjóðum háð.
**Svo aldrei framar Íslands byggð**
**sé öðrum þjóðum háð.**

*

Syng, frjálsa land, þinn frelsissöng.
Syng fagra land, þinn brag
um gæfusumur, ljós og löng,
um laufga stofna, skógargöng,
og bættan barna hag.

Syng unaðssöngva, íslenzk þjóð,
syng um þitt föðurland,
með fornar sögur, frægan óð,
hið frjálsa Alþing, mennta sjóð,
og norrænt bræðraband.



Syng, Íslands þjóð — og þakka afl
í þúsund ára raun.
Við ólög þung og ölduskafl
var unnið þinnar gæfu tafl
og langþreyð sigurlaun.

Syng frelsissöngva, frjálsa þjóð,
við fánans bjarta þyt.
Lát aldrei fölskvast æskuglóð,
ver öllu þjáðu mild og góð.
Lát ríkja ró og vit.



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# ÍSLENDINGALJÓÐ

17. júní 1944.

— Verðlaunaljóð. —

(Jóhannes úr Kötlum.)

Land míns föður, landið mitt,
laugað bláum straumi:
eilíft vakir auglit þitt
ofar tímans glaumi.
Þetta auglit elskum vér,
— ævi vor á jörðu hér
brot af þínu bergi er,
blik af þínum draumi.

Hvíslað var um hulduland
hinzt í vesturblænum:
hvítan jökul, svartan sand,
söng í hlíðum grænum.
Ýttu þá á unnarslóð
Austmenn, vermdir frelsisglóð,
fundu ey og urðu þjóð
úti í gullnum sænum.

Síðan hafa hetjur átt
heima í þessu landi,
ýmist borið arfinn hátt
eða varizt grandi.



Hér að þreyja hjartað kaus,
hvort sem jörðin brann eða fraus,
— flaug þá stundum fjaðralaus
feðra vorra andi.

Þegar svalt við Sökkvabekk
sveitin dauðahljóða,
kvað í myrkri um kross og hlekk
kraftaskáldið móða.
Bak við sára bænarskrá
bylti sér hin forna þrá,
þar til eldinn sóttu um sjá
synir vorsins góða.

Nú skal söngur hjartahlýr
hljóma af þúsund munnum,
þegar frelsisþeyrinn dýr
þýtur í fjalli og runnum.
Nú skal fögur friðartíð
fánann hefja ár og síð,
varpa nýjum ljóma á lýð
landsins, sem vér unnum.

Hvort sem krýnist þessi þjóð
þyrnum eða rósum,
hennar sögur, hennar ljóð,
hennar líf vér kjósum.
Ein á hörpu íss og báls
aldarslag síns guðamáls
æ hún leiki ung og frjáls
undir norðurljósum.



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Hver á sér fegra föðurland.

— Hulda. —

**Verðlaunalag.**

Semplice. *Emil Thoroddsen.*











Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Landið mitt.

— Jóhannes úr Kötlum. —

Andantino. *Þórarinn Guðmundsson.*









*piu mosso*




*Tempo primo*




Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg 64410000

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Syng, frjálsa land.

— Hulda. —

Hátíðlega. *Árni Björnsson.*







Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# SOENNECKEN

Bei Benützung von Einlagen mit enger Lochung ist das Metallbändchen umzustecken

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nr 887 N